

Hörgárósar

Stærð: 9,7 km²

Sveitarfélag: Arnarneshreppur og Glæsibæjarhreppur

Umdæmi: Sýslumaðurinn á Akureyri

Náttúruminjaskrá: 506

Verndartillaga: Friðland

Tillaga: Náttúrufræðistofnun Íslands¹ og Umhverfisstofnun²

Mörk:

Með vegi frá Gásum niður í sjó þar sem mörk miða við línu sem hugsast dregin 100 frá strönd og í land neðan við Gilsbakka. Þaðan eftir 20 m hæðarlínu suður af Hofi, að vegi austan við Hlaðir og með vegi að Gásum.

Mörk svæða eru sett fram með fyrirvara. Líta ber á þau sem hugmynd að mörkum sem nánar verður fjallað um við undirbúning friðlýsinga.



Svæðislýsing:

Graslendi, tjarnir, flæðimýrar, strandgróður og grunnsævi við ósa Hörgár. Mikið fuglalíf en um 30 tegundir vatnafugla verpa á svæðinu, Merkar fornminjar (búðartóftir), rústir Gása, verslunarstaðar frá miðöldum³.

Við Hörgárósa vaxa auk sjaldgæfra tegunda eins og flæðalófóts flestar tegundir sem einkenna sjávarfitjar á Íslandi svo sem skriðstör, flæðastör, skeljamura, marstör, heiglustör, lágafri, stransauðlaur og engjavöndur⁴.



Ljósmynd: Brandönd. © Jóhann Óli Hilmarsson

Eignarhald:

Einkaeign, sveitarfélaga- og ríkiseign.

Núverandi landnotkun:

Landbúnaður, veiðar, útivist og efnistaka (sandur).

Röskun, ógnir, úrbætur:

Efnistaka og sorpurðun. Svæðið er skipulagt iðnaðarsvæði. Huga þarf sérstaklega að fornminjum og náttúruminum á svæðinu.

Athugasemdir:

Sérstök samráðsnefnd er fyrir Gásasvæðið vegna menningarminja og náttúruminja. Í nefndinni eiga sæti m.a. fulltrúar frá Fornleifavernd ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Þjóðminjasafni Íslands, Háskólanum á Akureyri, Ferðamálaráði og Umhverfisstofnun.

Gásir eru á tillögulista Íslands á heimsmínjalista UNESCO.

Forsendur fyrir verndun, viðföng og viðmið:

Á svæðinu er fjölbreytt fuglalíf, votlendi og sjávarfitjar. Svæðið hefur alþjóðlegt náttúruverndargildi vegna fuglalífs en þar eru einnig sjaldgæfar plöntutegundir. Við Hörgárósa eru minjar um einn þekktasta verslunarstað Íslendinga frá miðöldum, Gásar. Við Hörgárósa er ein af fáum leirum í Eyjafirði.

Lykiltegundir: Fuglar: Grágæs

Plöntur: Flæðalófótur og Maríulykill

Almenn viðmið

Sjaldgæfar tegundir eða tegundir í útrýmingarhættu. Fágætar náttúruminjar			•	•						•
Óvenju tegundarík svæði eða viðkvæm fyrir röskun. Sérlega fjölbreyttar náttúruminjar			•	•						
Viðhald sterkra stofna eða náttúrulegra þróunarferla. Samfelldar, heildstæðar eða óraskaðar náttúruminjar			•	•						
Alþjóðlegt náttúruverndargildi. Alþjóðleg ábyrgð				•						
Vísinda-, félags-, efnahags- eða menningarlegt gildi	•		•	•						•
Einkennandi fyrir náttúrufar viðkomandi landshluta		•								
Sjónrænt gildi	•							•		

Sérstök ákvæði sbr. 37. og 39. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd

Eldvörp, gervigígar, eldhraun	Stöðuvötn og tjarnir, $\geq 1000 \text{ m}^2$	Náttúrulegir birkiskógar
Fossar	Mýrar og flóar, $\geq 3 \text{ ha}$	Skógar til útivistar
Hverir og heitar uppsprettur, hrúður og hrúðurbreiður	Sjávarfitjar og leirur	

Fuglar:	Tegund	Fjöldi fugla	% af ísl. stofni	% af evr. stofni	Ábyrgðar-tegund	Válisti ⁵	SPEC	Bernar-viðauki	Ályktun um búsvæðavernd
	Grágæs ⁶	Tugir varppara	-	-		VU		III	
	Grágæs ⁶	Allt að 2.000 á fellitíma	2	<1		VU		III	
	Brandönd ⁶	2 varppör	10	-		CR	3	II	
	Stormmáfur	Tugir varppara	-	-		LR	2	III	
Plöntur:	Tegund	Tegundarheiti	Flokkur	Algengni	Válisti ⁷	Bernar-viðauki	Forsenda verndar		
	Flæðalófótur	<i>Hippuris tetraphylla</i>	Háplanta	Sjaldgæf	VU		Einn af >5 fundarstöðum		
	Maríulykill	<i>Primula stricta</i>	Háplanta	Sjaldgæf	VU		Einn af >5 fundarstöðum		
Jarðfræði:	Í Hörgárós eru merki um hærri sjávarstöðu (Lónsmelar) og sjálfur ósinn hefur hlaupið fram og er tvöfaldur.								
Svæðið er á eftirfarandi listum:	Important Bird Areas in Europe (svæði nr. 049) ⁸ ; Vatnavernd Náttúruverndarráðs (svæði A-18) ⁸ ; Votlendisskrá Landverndar (svæði B-10) ⁹ ; Yfirlit yfir helztu votlendi á Norðurlöndum, svæði (I-8) ¹⁰ ; Sjávarlónaskrá Náttúruverndarráðs, svæði nr. 47 ¹¹ ; Gásir eru á tillögulista Íslands á heimsminjalista UNESCO ¹² .								

Heimildir:

¹ Ólafur Einarsson, Hörður Kristinsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Jón Gunnar Ottósson. 2002.

² Náttúruverndarráð. 1996a.

³ Ágúst Ó. Georgsson. 1990.

⁴ Steindór Steindórsson. 1954.

⁵ Náttúrufræðistofnun Íslands. 2000.

⁶ Ólafur Einarsson. 2000.

⁷ Náttúrufræðistofnun Íslands. 1996.

⁸ Arnþór Garðarsson. 1978b.

⁹ Arnþór Garðarsson. 1975.

¹⁰ Arnþór Garðarsson. 1973.

¹¹ Agnar Ingólfsson. 1990.